

# um helgina

- leiklist
- myndlist
- tónlist
- kvikmyndir
- samkomur



Stefán Hilmarsson vinnur öðru jöfnu á viðgerðarstofu Landsbókasafnsins við gamlar bækur og handrit, en þegar þarf að ramma inn viðkvæmar myndir að Kjarvalsstöðum er gjarnan leitað til hans. Ljósmynd: — eik. —



Íslensk hönnun í vestursal. Guðni Pálsson, arkitekt, hefur veg og vanda af uppsetningu sýningarinnar, sem er ætlað að sýna íslenska hönnun eins og hún er nú. Hann valdi einnig verkin á sýninguna ásamt Erik Ole Jörgensen.

## 3 ólíkar sýningar undir sama þaki

Í dag, föstudag, kl. 17.00 verða opnaðar þrjár sýningar að Kjarvalsstöðum, „hver annarri ólík, en samt við hæfi, að þær séu samtímis undir einu þaki“, eins og Þóra Kristjánsdóttir, listráðunautur Kjarvalsstaða komst að orði við blm. Þjóðviljans, þegar hann leit við á Kjarvalsstöðum fyrr í vikunni til að forvitnast um hvað væri á döfnni.

Eins og nærri má geta, var fjöldi manns á þönum um Kjarvalsstaði: í vestursal var verið að koma upp sýningu á íslenskrí hönnun, en þar er um að ræða lokaáfangi stóráttaks margra aðila úr íslenskum iðnaði, einkum húsgagna- og innréttingaiðnaði.


### Útlit og gæði

Í ársbyrjun 1979 var ákveðið að koma honum til hjálpar með því að leggja tímabundið innflutningsgjald á húsgögn og hefja átak til þess að bæta samkeppnishæfni þessarar iðngreinar. Fyrirtækjum í húsgagnaiðnaði var boðið upp á styrki úr iðnrekstrarsjóði, svo fyrirtækjum og iðnhönnun yrði kleift að vinna að hönnun og útfærslu á nýjum gerðum húsgagna, sem stæðust ströngustu kröfur um útlit og gæði.

Arangurinn af þessu átaki, sem hófst eins og fyrr sagði 1979, er svo sýndur í dag, og það mun óhætt að segja, að þar verði margt forvitnilegt að sjá.

### Sýniljóð um sögu flugsins og fleira

Magnús Tómasson er fyrsti



### Listahátíð '82: Af trönum Kjarvals, Sýniljóð og skúlptúr og íslensk hönnun

Borgarlistamaður Reykvikinga, en hann naut fyrstur myndlistarmanna árslauna frá borginni. Það ár notaði hann m.a. til að undirbúa þá sýningu, sem hann hefur komið upp á Kjarvalsstöðum í göngum, subursal, fundarsal, en á sýningunni eru fyrst og fremst þrívíðar myndir, sem Magnús hefur unnið um t.d. sögu flugsins, úr grískri goðafræði og biblíukenninum ýmsum.

Sýningu sína nefnir Magnús „Sýniljóð og skúlptúr“ — en sýniljóð er að sögn hans sjálfs of ljóðrænt til að vera mynd, en of myndrænt til að vera ljóð.

### Kjarvalssýning með nýju sniði


Í Kjarvalssal er sýning á verkum Jóhannesar S. Kjarvals, og nefnist sú sýning „Af trönum Kjarvals“. Sýningin hefur á sér annað yfirbragð en

fyrri Kjarvalssýningar að Kjarvalsstöðum. Hún er ýtarleg kynning á Kjarvalssafni borgarinnar, sem telur nú 122 listaverk meistarans, en einnig er hún tilraun til að lýsa listferli Kjarvals með myndaröð og skrifubúum athugasemdum á sérstökum spjöldum, sem segja lífsferil málarans.

„Við veltum því lengi fyrir okkur, hvernig mætti sýna Jóhannes Kjarval og safn borgarinnar — það hefur verið ansi lengi uppi í sömu mynd — og gældum við þann möguleika að setja upp t.d. nógu mikið af portrettmyndum, eða einhverri sérstakri tegund mynda eftir Kjarval og sýna það. En það reyndist vera mikil fyrirhöfn samfara því, sérstaklega í sambandi við flutninga og tryggingar, og undirbúningstíminn leyfði einfaldlega ekki slíkt“, sagði Gylfi Gíslason, myndlistarmaður í stuttu spjalli við blm. Þjóðviljans að Kjarvalsstöðum, þar sem hann var að vinna að undirbúningi sýningarinnar ásamt Jóhannesi S. Kjarval, arkitekt og Þóru Kristjánsdóttur listráðunaut Kjarvalsstaða.

### A fimmta hundrað mynda

„Það varð síðan úr, að við skoðubum allar bækur, sem segja frá Kjarval, til að athuga, hvað gæti orðið úr því — og það hefur hlaðið þannig utan um sig, að útkoman er sú, að hér eru sýndar vel á fimmta hundrað mynda eftir Kjarval og auk þess sagt frá honum í texta. Að sögn þeirra Gylfa og Jó-



Magnús Tómasson er hér við eina af hinum þrívíðu myndum sínum — þessi ber nafnið „Delfi“ Ljósmynd: — eik. —

hannesar, er Kjarvalssýningin í tvennu lagi. Annars vegar eru spjöldin, en á þeim er skrifður texti og ljósmyndir af verkum Kjarvals, sem fengnar eru héðan og þaðan — úr bókum, blöðum, sýningarskrám og jafnvel póstkortum — og er því ræðað saman í rétta tímaröð: hins vegar hanga svo á veggjum frummyndir eftir Kjarval, sem mynda nokkurs konar hliðstæðu við það, sem kemur fram á spjöldunum, og þannig ríma sýningarnar saman.

### Fyrsta skrefið

„Þetta yfirlit yfir störf Kjarvals er auðvitað langt frá því að vera tæmandi“, sagði Gylfi enn fremur, „og þetta ber að skoðast sem tilraun fyrst og fremst. Nú, ég held, að við þrjú, sem höfum unnið að þessari sýningu,

vitum talsvert mikið um Kjarval, en samt kom ýmislegt fram, sem var a.m.k. mér alveg nýtt.“

Að lokum gátu þeir Gylfi og Jóhannes þess, að þessi sýning gæti orðið fyrsta skrefið í þá átt að efna til fræðandi kynningar á Kjarval og málara list hans, jafnt í skólum og víðar hér inn- og erlendis — og það verður án efa spennandi að sjá árangurinn af samantekt þeirra þremminganna — en Kjarvalssýning hefst eins og þar tvær sýningar, sem fyrr er greint frá, í dag kl. 17.00.

Það verður Davíð Oddsson borgarstjóri, sem opnar sýningararnar að Kjarvalsstöðum, en Gunnar Thoroddsen flytur ávarp í fjarveru Hjörleifs Guttormssonar, iðnaðarráðherra. —jsj.

## Kremer og Maisenberg

Mánudaginn 7. júní kl. 21.00 í Háskólabíói munu þeir Gidon Kremer og Oleg Maisenberg leika saman á fiðlu og píanó, fjögur verk eftir jafnmarga höfundu: Schubert, Beethoven, Webern og Brahms — og það er ástæða til að hvetja tónlistarfólk til þess að láta þessa tónleika ekki framhjá sér fara.

Gidon Kremer hóf nám við tónlistarskólann í Moskvu 1965


undir leiðsögn David Oistrakh. Hann hefur sigrað í nokkrum meiriháttar keppnum, t.d. Paganini-keppninni 1969 og hinnu virtu Tchaikovsky-samkeppni árið eftir; hann hefur komið víða fram og leikið inn á fjölmargar hljómplötur auk þess sem hann kennir tónlist. Gidon Kremer leikur á Stradivariusfiðlu, sem smíðuð var 1734.

Oleg Maisenberg hóf tónlist-

arnám strax á fimmta ári, fyrst hjá móður sinni, og síðar við Tónlistarskólann í Moskvu. Maisenberg hefur verið einleikari við Fílharmoníuhljómsveitina í Moskvu, auk þess sem hann ferðast víða um heim og heldur tónleika — gjarnan með Gidon Kremer, eins og nú.

Tónleikar Kremers og Maisenbergs verða sem fyrr segir í Háskólabíói n.k. mánudagskvöld, og verða þetta einu tónleikar þeirra hér.

—jsj.



Dæmi um íslenska hönnun: vefnaður eftir Ingibjörgu S. Haraldsdóttur og húsgögn eftir Þórdísi Zoëga.